

Miðvikudaginn 10. marz 1971.

Nr. 93/1970. **Gústav Sigjónsson**  
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

**Jóhanni G. Filippussyni**  
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 26. júní 1969. Þingsókn féll niður af hendi áfrýjanda 6. apríl 1970, og gekk útivistardómur í málinu þann dag. Samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju með stefnu 29. apríl 1970. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi þess, að felld verði úr gildi fjárnám, er stefndi lét gera í eignum áfrýjanda 21. apríl 1970 til tryggingar dómsskuld samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð sinni í héraði sundurliðaði stefndi kröfur sínar á hendur áfrýjanda þannig:

- |  |              |
|--|--------------|
| 1. Löghaldskostnaður . . . . .         | kr. 3.785.00 |
| 2. Ferð að Kálfá . . . . .             | — 2.500.00   |
| 3. Vixill pr. 25. ágúst 1966 . . . . . | — 6.000.00   |
| 4. Greitt Tómasi Árnasyni . . . . .    | — 34.885.00  |
| 5. Til fógeta . . . . .                | — 2.700.00   |
| 6. Tvö mót . . . . .                   | — 1.000.00   |

---

Kr. 50.870.00

Héraðsdómarinn tók til greina kröfuliði 1 og 2, en eigi aðra kröfuliði. Hins vegar dæmdi hann áfrýjanda til að greiða samtals kr. 21.000.00 sem vexti og kostnað við innheimtu skuldabréfs þess, sem í málinu greinir, og kr. 10.800.00, er hann telur vaxtamun á víxlum og skuldabréfi. Þar sem dómariinn hefur þannig farið út fyrir kröfur aðilja, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936, eru slíkir gallar á hinum áfrýjaða dómi, að ómerkja ber hann og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber einnig að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur aukadómþings Árnassýslu 22. apríl 1967.

Ár 1969, þriðjudaginn 22. apríl, var í aukadómþingi Árnassýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins á Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 38/1968, sem dómtekið var hinn 17. þ. m.

Mál þetta er höfðað af stefnandanum, Jóhanni Gunnari Filippussyni, Gnoðarvogi 14, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 2. nóvember 1968, á hendur Gústav Sigjónssyni, Skólavöllum 8, Selfossi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 50.150.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð þannig: af kr. 3.765.00 frá 25. júní 1965 til 25. júlí s. á., af kr. 6.265.00 frá þeim degi til 17. október 1967 og af stefnufjárhæðinni, kr. 50.150.00, frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Í munnlegum flutningi málsins leiðrétti umboðsmaður stefnanda samlagningarskekkju á dómsskjali nr. 1 til hækkunar um kr. 700.00, og var leiðréttingin samþykkt af umboðsmanni stefnda. Verður þá stefnukrafan kr. 50.850.00.

Stefndi gerir þær dómkröfur í málinu, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins hefur umboðsmaður stefnda gert þá varakröfu í málinu, að stefndi verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 19.442.63 með 9% ársvöxtum frá 25. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnað að mati dómara.

Tildrög málsins voru þau, að hinn 25. janúar 1965 seldi stefndi stefnanda bifreiðina X 1806, sem er Bedford vörubifreið, smíða-ár 1961. Salan fór fram á Bílasölu Matthíasar í Höfðatúni 2, Reykjavík, sbr. dómsskjal nr. 11, og er í afsali tekið fram, að umsamið kaupverð sé að fullu greitt og að á bifreiðinni hvíli engar veðskuldir né eignabönd.

Samkvæmt samkomulagi aðilja skyldi verð bifreiðarinnar vera kr. 220.000.00 og útborgun kr. 70.000.00, en eftirstöðvarnar greiðast með víxlum, kr. 24.000.00 pr. 25. apríl 1965, 25. júlí 1965, 25. október 1965, 25. janúar 1966, 25. apríl 1966 og 25. júlí 1966, og víxli, kr. 6.000.00 pr. 25. ágúst 1966. Víxlarnir voru samþykktir af stefnanda.

Er afsal fór fram umræddan dag, 25. janúar 1965, greiddi stefnandi stefnda í peningum kr. 70.000.00 og afhenti stefnda víxlana sem greiðslu. Veðbókarvottorð fyrir bifreiðina lá ekki fyrir við söluna, en stefnandi telur, að stefndi hafi lofað að senda veðbókarvottorð, er lægi fyrir eftir einn eða tvo daga.

Stefndi segir svo frá í sakadómi Árnæssýslu 29. nóvember 1966: „Er kaupin fóru fram, hvíldu á bifreiðinni tvö veð, 120 þúsund kr. skuld á 1. veðr. við handhafa skuldabréfs og 40 þúsund kr. skuld á 2. veðr. við Tryggingastofnun ríkisins. Veðbókarvottorð lá ekki frammi við söluna, en mættur kveðst hafa sagt kaupanda frá þeim skuldum, sem á bifreiðinni hvíldu. Handhafi 120 þús. kr. skuldabréfsins var Gísli Björnsson, lögregluþjónn, þá búsettur í Hafnarfirði. Samþykkti Gísli að taka við víxlum frá Jóhanni sem greiðslu á skuldabréfinu, og var Jóhanni kunnugt um það. Mættur segir: „Er kaupin voru gerð, ók Gísli með mig niður á sérleyfisstöð Steindórs. Þar afhenti ég honum víxla að upphæð samtals kr. 120.000.00, er Jóhann hafði samþykkt. Hafði Gísli orð á, að ekki væru sömu gjalddagar á víxlunum og væru í skuldabréfinu. Taldi hann, að það kynni að vera óþægilegt fyrir sig, en sagði svo, að það þyrfti þó ekki að vera. Tók hann síðan við víxlunum og lofaði að sjá um, að skuldabréfinu yrði aflýst. Skuldina við Tryggingastofnun ríkisins lofaði ég að flytja á annan bíl,

strax og ég hefði fengið hann, og var þeirri skuld aflýst hinn 25. febr. 1965. Þar eð gera mátti ráð fyrir, að aðeins væri um daga-spursmál að ræða, þar til bifreiðin yrði veðbandalaus, taldi bílasalinn ekki ástæðu til að breyta afsalseyðublaðinu og taka fram, að á bifreiðinni hvíldu áðurgreind veð. Taldi ég óhætt að láta bílasalann ráða, með því að kaupanda var kunnugt um veðböndin og því ekki farið á bak við hann á neinn hátt“.

Stefndi kveðst ekki hafa tekið við skuldabréfinu né fengið neina kvittun, er hann afhenti Gísla áðurgreinda víxla, kveðst hafa treyst honum fullkomlega.

Umrætt skuldabréf (dómsskjal 3) er dags. 28. júlí 1964, útgefið af stefnda með 1. veðrétti í bifreiðinni X 1806. Greiðsludagar: kr. 30.000.00 pr. 15. febrúar 1965, kr. 30.000.00 pr. 15. apríl 1965, kr. 30.000.00 pr. 15. júní 1965 og kr. 30.000.00 pr. 15. ágúst 1965.

Stefnandi kveðst ekkert hafa vitað um, að áhvílandi veðskuldir væru á bifreiðinni, og aldrei hafi verið á þær minnzt við sölu-samninga um bifreiðina. Stefnandi segir m. a. í aðiljaskýrslu sinni (dómsskj. 13): „Það næsta, sem skeður, er það, að þegar ég kom á bílasöluna til þess að sækja veðbókarvottorðið, var þar staddur fyrir eigandi bílsins, Gísli Björnsson, sem ég þá sá í fyrsta skipti, og sagði hann mér, að á bílnum hvíldi veðskulda-bréf að fjárhæð kr. 120.000.00, sem væri í vanskilum. Jafnframt sagði hann mér, að Gústav hefði lofað sér að ganga ekki frá þessari sölu nema að sér viðstöddum, en hefði svo afhent sér víxla, samþykktu af mér, er Gústav var að stíga upp í áætlanar-bíl austur, en við athugun víxlanna hafi svo komið í ljós, að umsamdar greiðslur til sín myndu dragast langt á annað ár, en slíkt kæmi ekki til greina“.

Vitnið Gísli Björnsson segir svo í skýrslu sinni, dómsskjali 9: „Varðandi skuldabréfið fór Gústav fram á, að því yrði aflýst, en ég veitti viðtöku víxlum að sömu upphæð, samþykktum af hinum nýja kaupanda. Ég svaraði því til, að ekki kæmi til mála að svo stöddu, að ég tæki við víxlum þessum sem greiðslu, en féllst hins vegar á að taka þá til athugunar, þ. e. nöfn samþykkjanda, ábyrgðarmanns, gjalddaga og slíkt. Ég leit lauslega á víxlana og benti Gústav á, að gjalddagar væru aðrir en á skulda-bréfinu. Hann viðurkendi það, en kvað hugsanlegt, að því mætti breyta með ráði samþykkjanda. Hann kvaðst engan tíma hafa til að ræða málið nánar að svo stöddu, þar sem hann þyrfti nauðsynlega að ná í áætlunarbifreið, sem var að leggja af stað að Selfossi. Eftir að Gústav var farinn, tók ég víxlana til nánari

athugunar, og kom þá í ljós, að gjalddagar þeirra voru á tíma-  
bilinu 25/7 1965 til 25/8 1966, þ. e. a. s. bifreiðin yrði að fullu  
greidd rúmlega ári síðar en upphaflega var samið um. Eftir að  
svona var komið, sneri ég mér til Baldvins Jónssonar, hrl., sem  
tók að sér að gæta míns réttar í þessu máli“.

Hér skýrir vitnið Gísli ekki rétt frá um gjalddaga umræddra  
vígla, því samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, voru  
gjald dagar þeirra 25. apríl 1965, 25. júlí 1965, 25. október 1965,  
25. janúar 1966 og 25. apríl 1966.

Vitnið Gísli segir enn fremur: „Mér er kunnugt um, að Gústav  
hafi haldið því fram, að ég hafi tekið við víxlunum sem greiðslu  
og lofað að aflýsa skuldabréfinu. Þetta er alrangt, en er ég tók  
við víxlunum, hafði ég það í huga, jafnframt því sem áður er  
getið, að hugsanlegt væri, að Gústav seldi víxlana og myndi þá  
hinn nýi kaupandi bifreiðarinnar verða fyrir tjóni, sem að lík-  
indum yrði seint bætt“.

Matthías V. Gunnlaugsson bílasali segir í vottorði sínu, dóms-  
skjali 14, „að við sölu bifreiðarinnar X 1806, Bedford 1961, í  
janúar 1965 kom aldrei til tals, að á bílnum væri áhvílandi veð-  
skuldabréf, enda greiddi kaupandi, Jóhann G. Filippusson, selj-  
anda, Gústav Sigjónssyni, umsamið kaupverð, kr. 220.000.00, að  
fullu með peningum og víxlum við afhendingu bílsins, en seljandi  
kvað hreint veðbókarvottorð aðeins ókomið að austan“.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja  
sannað, að stefndi hafi ekki látið stefnanda í té upplýsingar um,  
að veðskuldir hvíldu á bifreiðinni X 1806, er sala fór fram á  
henni hinn 25. janúar 1965, og að stefnandi hafi ekki vitað um,  
að veðskuldir hvíldu á henni.

Samkvæmt afsali var bifreiðin X 1806 talin veðbanda- og  
kvaðalaus, og bar því stefndi ábyrgð á því, að veðinu yrði aflýst.

Svo virðist sem stefndi hafi ætlað að treysta á, að hann gæti  
selt vígla, kr. 120.000.00, samþykkt af kaupanda, til eiganda  
veðskuldabréfsins, Gísla Björnssonar, og hefur stefndi haldið  
því fram, að sú sala hafi farið fram, en Gísli Björnsson neitar  
því og telur, að þetta hafi verið til athugunar, en hann hafi ekki  
fallizt á kaupin, vegna þess að gjalddagar víxlanna hafi ekki  
verið í samræmi við gjalddaga afborgana af veðskuldabréfinu.

Í stað þess að skila stefnda víxlum, sem honum bar að gera,  
ef ekki var um kaup á þeim að ræða, afhendir hann þá lögmanni  
til meðferðar, að því er virðist í fyrstu sem einhvers konar  
tryggingu.

Þess ber að geta, að er afhending víxlanna til Gísla fer fram, er skuldabréfið ekki gjaldfallið, og átti Gísli því enga kröfu á hendur stefnda, enda hafði hann fulla tryggingu í bifreiðinni X 1806.

Ekki er í ljós leitt, hvenær lögmaður Gísla afhenti stefnda síðan umrædda víxla, en stefndi kveðst hafa farið með þá beint til lögmanns stefnanda, sem hafi veitt þeim viðtöku, en hann hafði þá tekið við málinu f. h. stefnanda. Virðist síðan hafa verið ætlunin, að lögmenn aðilja semdu um uppgjör á viðskiptum aðilja, en af því varð ekki.

Stefnandi greiddi síðan lögmanni Gísla skuldina samkvæmt skuldabréfinu hinn 7. júlí 1965, kr. 120.000.00 ásamt kostnaði, kr. 10.000.00, samtals kr. 130.000.00. Jafnframt greiddi stefnandi lögmanni sínum kr. 10.000.00 upp í kostnað sinn.

Það er óumdeilt, að stefnandi fékk umrædda víxla, kr. 120.000.00, í hendur, og var einn þeirra gjaldfallinn, er stefnandi greiddi skuldabréfið, og annar gjaldféll skömmu síðar.

Með viðtöku víxlanna verður að telja viðurkennt, að einhvers konar samkomulag hafi átt að eiga sér stað um viðskipti aðilja, enda hefur stefnandi ekki gert riftunarkröfu.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfur sínar þannig:

1. Löghaldskostnaður . . . . .	kr. 3.765.00
2. Ferð að Kálfá . . . . .	— 2.500.00
3. Vixill . . . . .	— 6.000.00
4. Greitt Tómasi Árnasyni . . . . .	— 34.885.00
5. Til fógeta . . . . .	— 2.700.00
6. Tvö mót . . . . .	— 1.000.00

---

Kr. 50.870.00

Um liði 1. og 2. Stefndi telur, að þeir séu réttmætir, ef hér er um að ræða innheimtuaðgerðir vegna vanefnda þeirra, sem stefnda henti, er Gísli neitaði að taka víxlana sem greiðslu. Verður sú krafa því tekin til greina.

Um lið 3. Hér er um að ræða víxil að upphæð kr. 6.000.00 pr. 25. ágúst 1966.

Um lið 4. Hér er um víxil að ræða, kr. 24.000.00 pr. 25. júlí 1966 ásamt kostnaði. Umboðsmaður stefnda hefur mótmælt þessum kröfuflið sem röngum. Segir hann, að stefnandi hafi átt að



1966 . . . . .	kr. 2.880.00
og 1% á mánuði af kr. 24.000.00 frá 25/4 1965 til 25/4 1966 . . . . .	— 3.600.00
	<hr/>
	Kr. 10.800.00

Samkvæmt ofanskráðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnandanum kr. 38.265.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.765.00 frá 20. júní 1965 til 25. júlí 1965, af kr. 6.265.00 frá þeim degi til 27. júlí 1965, af kr. 27.265.00 frá þeim degi til 25. apríl 1966 og af kr. 38.265.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Varðandi málskostnað er þess að gæta, að lögmaður stefnanda hefur fengið greiddar kr. 10.000.00 í sambandi við innheimtu á umræddu skuldabréfi, og telst málskostnaður í máli þessu því hæfilega ákveðinn kr. 11.300.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Gústav Sigjónsson, greiði stefnandanum, Jóhanni Gunnari Filippussyni, kr. 38.265.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.765.00 frá 25. júní 1965 til 25. júlí 1965, af kr. 6.265.00 frá þeim degi til 27. júlí 1965, af kr. 27.265.00 frá þeim degi til 25. apríl 1966 og af kr. 38.265.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### Fjárnámsgerð fógetadóms Árnassýslu 21. apríl 1970.

Ár 1970, þriðjudaginn 21. apríl, var fógetaréttur Árnassýslu háður í skrifstofu embættisins á Selfossi með undirrituðum vottum af fulltrúa sýslumanns, Jakob J. Havsteen. Fyrir tekið: Málið nr. F. 30/1970: Jóhann G. Filippusson gegn Gústav Sigjónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 til 3 gerðarbeiðni, endurrit úr dóma-bók Árnassýslu með viðfestu birtingarvottorði og endurrit hæsta-réttardóms.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Högni Jónsson héraðsdómslögmaður, Reykjavík, og krefst fjárnáms fyrir skuld samkvæmt dómi, að fjárhæð kr. 38.265.00 með 1% mánaðarvöxtum af kr. 3.765.00 frá 25. júní 1965 til 25. júlí 1965, af kr. 6.265.00 frá þeim degi til 27. júlí 1965, af kr. 27.205.00 frá þeim degi til 25. apríl 1966 og af kr. 38.265.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 3.000.00

í ómaksbætur samkvæmt dómi Hæstaréttar ásamt endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 315.00, og málskostnaði, kr. 11.300.00, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda og að geymdum betra rétti þriðja manns.

Af hálfu gerðarþola mætir hann sjálfur, og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður. Áminntur um sannsögli kveðst gerðarþoli ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu gerðarþola lýsti fógeti yfir fjárnámi til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda í eftirtöldum eignum gerðarþola:

Dómur í málinu nr. 40/1969 í Árnessýslu: Gústav Sigjónsson gegn Frosskraft s. e. f.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.

---

Fimmtudaginn 11. marz 1971.

Nr. 90/1970. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Sveinbirni Gíslasyni**

(Björn Sveinbjörnsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Sýknað af ákæru um morð. Þjófnaður. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

#### **I.**

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Eftir upp-sögu hans hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna. Skammbyssur þær og skotfæri, sem um er fjallað í málinu, voru send til rannsóknar hjá The Metropolitan Police Forensic Science Laboratory í London. Rannsókn framkvæmdi John